

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
2. fundur þriðjudaginn 18. desember 2018 kl. 9
Nefndasvið Alþingis

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlökkversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sátu fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG).

Fundargerð: Laufey Helga Guðmundsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Afstaða nefndarmanna til tillagna frá 2016.

Farið yfir ellefu efnisatriði tillagna frá 2016.

- *Stjórnsýsla og framkvæmd kosninga.* Kallað verður eftir afstöðu ráðherra til þeirra verkefna sem lagt er til að fari úr ráðuneytinu til miðlægs stjórnvalds. Bent á að tillögurnar frá 2016 miðuðust við lög um kosningar til Alþingis og að þingið hefði forræðið á kosningum. Ef lög um kosningar til sveitarstjórna fara undir heildarlög um kosningar þyrfti að skoða aðkomu sveitarfélaga að landskjörstjórn. Athuga einnig að þetta eru eðlisólík verkefni því sem Alþingi er að vinna, líkara stjórnsýslu framkvæmdavalds. Ef sett yrði á fót sérstök stofnun sem annaðist kosningar og úrskurðarnefnd er lykilatriði að þarna undir fari allar kosningar.
- *Tímafrestir.* Bent á að það geti verið óheppilegt að viðmiðunardagur kjörskrár sé eftir að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst. Meginrök fyrir breytingunni voru að færa þetta nær öðrum kosningum, hafa meira samræmi. Öll kerfisleg vinnsla verður flókin ef það er ekki fast mengi undir - kjörskrá er alltaf sérvinnsla og það þarf alltaf að laga forsendur og bæta við handvirkt þeim sem t.d. eru erlendis og hafa kosningarétt. Sveitastjórnarkosningar þarf að skoða í þessu sambandi einnig (ekkert athugarvert við að framboð í sveitastjórnarkosningar berist 36 dögum fyrir kosningar – þær eru alltaf á sama tíma).
- *Kjörskrárgerð.* Rætt um aðgang stjórnmalaflokka að kjörskrá. Bent á að ekki hefur verið mikil eftirspurn hjá flokkunum eftir kjörskrá og velja má því upp hvort aðgangurinn sé nauðsynlegur. Strangt til tekið er ekki heimild fyrir þessari miðlun í lögum. Á móti kemur að þetta er réttur sem framboðin hafa haft og einhverjir hafa nýtt sér þetta auk þess sem eftirlit stjórnmalaflokka með kosningum hefur lýðræðislegan tilgang. Rætt um að ef stjórnmalaflokkar eru að nota upplýsingarnar í markaðslegum tilgangi, til að nálgast sína kjósendur, er rétt að það komi einfaldlega fram. Þetta atriði þarf að bera sérstaklega undir Persónuvernd.
- *Skráning stjórnmalasamtaka og listabókstafir.* Engar athugasemdir við tillöguna. Mögulegur árekstur listabókstafa við Alþingiskosningar og sveitastjórnarkosningar sem þarf að greiða úr.

- *Framboð.* Mjög knappur tími er fyrir landskjörstjórn til að fara yfir framboð, klára uppsetningu, yfirlestur og úrskurða um ágreining. Það mætti hugsa sér að snúa skipulaginu við, t.d. að frambjóðendur fái tilkynningu á island.is eða sms svo hægt sé að gera viðvart um að viðkomandi sé á framboðslista. Bent á að ef skráning stjórn málasamtaka fer fram á milli kosninga, flokkurinn hefði meðmælendur, væri hægt að ganga frá framboðslistum með auðveldari hætti. Þá þyrftu bara ný framboð að fara eftir þessum reglum sem lagðar eru til. Bent á að söfnun meðmælenda er leið framboða að stuðningsmönnum sínum og kjósendum. Því hefur verið velt upp að meðmælendur skrái sig á lista með rafrænum skilríkjum. Þá væri búið að færa ábyrgðina á samræmi á framboðin. Rafræn auðkenni gætu komið í veg fyrir mögulega fölsun meðmælendalista.
- *Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.* Samband íslenskra sveitarfélaga vill auka aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslum. Rætt um hvort tímabært væri að færa utankjörfundaratkvæðagreiðslur til sveitarfélaga eins og við þekkjum annars staðar á Norðurlöndum. Bent á að ákvæðið um að sýslumenn geti skipað kjörstjóra að ósk sveitarfélags sé heimildarákvæði en felur ekki í sér skyldu. Sumir hafa bent á að nálægðin við framboðin sé meiri sé þessi leið farin en það virðist ekki skapa vandamál erlendis. Rætt um erfiðleika Íslendinga sem eru erlendis að nýta kosningarétt sinn og hvort leggja ætti til að breyta skilyrðum fyrir utankjörfundaratkvæði sem bera erlendis frá. Bent á að margir kjósa fyrir það tímamark sem kjörskráin er tæk til uppflettingar og sumir hafa kosið hjá ræðismönnum árum saman og ekki vitað að þeir séu fallnir af kjörskrá. Hægt væri að leita fyrirmynda erlendis frá, t.d. bréfkosning, en þá þyrfti að taka afstöðu til þess hvort heimila ætti fólki að kjósa án þess að fara til kjörstjóra. Bent á að Íslendingar erlendis hafi mjög rúman rétt til að kjósa í kosningum á Íslandi.
- *Atkvæðagreiðsla á kjörfundi (kosningaathöfnin) og framkvæmd talningar.* Var ítarlega rætt hjá síðasta vinnuhópi. Engar frekari athugasemdir.
- *Málsmeðferð og meðferð ágreiningsmála.* Almennar hæfisreglur stjórnsýsluréttar gilda ekki um Alþingi. Þyrfti að skýra í greinargerð hvers konar ákvarðanir um er að ræða og fyrir hvaða ákvarðanir sérstakar málsmeðferðarreglur ættu að gilda. Þarf að fara í gegnum hæfi kjörstjóra, til dæmi þess að fulltrúi í undirkjörstjórn viku ekki sæti þrátt fyrir að vera giftur frambjóðanda.
- *Kosningaæftirlit.* Engar ábendingar.
- *Öryggismál.* Engar ábendingar.
- *Umboðsmenn stjórn málasamtaka.* Engar efnisbreytingar í tillögum, bara uppstokkun. Engar ábendingar.

3. Afstaða nefndarmanna til atriða sem gerst hafa síðan 2016 (athugasemdir ÖSE og álit kjörbréfanefndar).

Lagt til að flokka ábendingar fyrir næsta fund og greina annars vegar atriði þar sem bregðast þarf við ábendingu með tillögu að lagaákvæði (t.d. viðurlög við fölsunum, færa landskjörstjórn frekari verkefni eins og t.d. leiðbeininga- og þjálfunarhlutverk) og hins vegar ábendingum sem halda þarf til haga til að bregðast við með skýringum í greinargerð með frumvarpi. Ritara falið verkefnið.

Rætt um að athugasemd ÖSE frá 2017 um „blöndun atkvæða frá mismunandi kjörstöðum geri það að verkum að hægt sé að brjóta niður úrslit eftir einstökum kjörstöðum og finna hvar mistök liggja ef tölur um fjölda greiddra atkvæða og fjöldi sjálfra atkvæðanna stemmir ekki“, sé efnislega röng. Fyrirkomulagið er þannig að talið er upp úr hverjum kassa og hægt að rekja saman við kjörskrá og því er ekki komið í veg fyrir að atkvæði séu stemmd af. Athugasemd ÖSE byggist eflaust á misskilningi.

4. Samantekt dómsmálaráðuneytis um fyrirspurnir sem borist hafa vegna kosningalöggjafar.

Samantekt ÞHP lögð fram. Langalgengasta fyrirspurnin er um hvar sé hægt að kjósa. Einnig er mikið um fyrirspurnir erlendis frá, hvar sé hægt að nálgast ræðismenn erlendis og um kosningarétt Íslendinga sem hafa verið búsettir erlendis lengur en átta ár. Rætt um að taka þurfi sérstaka umræðu um síðasta atriðið, einnig vegna námsmanna erlendis, og ræða þá hvort rétt sé að kosningarétturinn sé svona rúmur fyrir Íslendinga búsetta erlendis. Aðrar fyrirspurnir eru um gerðabækur, framboð og meðmælendalista, samþykki frambjóðanda um að nafn þeirra sé á framboðslista, aðstoð fyrir þroskahamlaða, afsal kosningaréttar í kjördeild, hvort skrifa eigi með penna eða ritblýi, innsigli og kjörkassa, hvort veita megi öðrum umboð til að kjósa fyrir sig, hvort kjósa megi á netinu, hvað séu fullgild persónuskilríki og um aðgang almennings að gerðabókum. Töluvert er um fyrirspurnir frá kjörstjórnnum, sjá úthendi. Við mörgum atriðanna þarf ekki að bregðast við með lagabreytingu en gott að halda til haga í greinargerð. Þessar fyrirspurnir eru einnig algengar hjá Þjóðskrá Íslands og landskjörstjórn.

5. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga.

MKH kynnir útdrátt úr stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022, samþykkt 30. nóvember 2018. Þar segir í kafla um lýðræði og kosningalöggjöfina, lið 3.5.3.: „Sambandið vinni að nauðsynlegum breytingum á kosningalöggjöf og framkvæmd kosninga til að samræma reglur um útstrikanir, um rafrænar kjörskrár og til að bæta aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Kannaðir verði kostir þess að sveitarfélög annist alfarið framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu og að hún verði rafræn. Sambandið skal jafnframt beita sér fyrir umræðu á vettvangi sveitarfélaga um framþróun lýðræðis á sveitarstjórnarstigi, hvernig hægt er að auka þátttöku í kosningum og í pólitískri stjórnun sveitarfélaga og frekari breytingum á kosningafyrirkomulagi og framkvæmd kosninga.“

6. Vefsvæði starfshóps og kynning.

Vefsvæðið kynnt og samþykkt. Ákveðið að senda bréf á hagsmunaaðila samhliða fréttatilkynningu.

Næsti fundur verður 8. janúar 2019. Þá verði m.a. skoðað hvernig hægt er að byggja upp heildarlöggjöf um kosningar.

Fundi slitið 10.35.